

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. maí 2009
Tilvísun: UST20090400073/áb

Sjókvíaelði á regnbogasilungi og eða laxi í Dýrafirði, matsskylda

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Í gögnum framkvæmdaraðila, þ.e. fyrirtækisins Dýrfisks ehf, kemur fram að áætlað er að framleiða 2.000 tonn á ári af regnbogasilungi og laxi í 2 kvíaþyrpingum fyrir utan Haukadalsbót sunnan megin í Dýrafirði. Nú þegar eru í sjó 50.000 fiskar af kynslóð haust 2008 og ráðgert er að setja út 250.000 seiði sumar 2009 og 600.000 seiði sumar 2010. Fiskeldið fer þannig þrepvaxandi og 2010 árgangur á að ná fullum afköstum um 2000 tonn/ár. Eldið hefst með regnbogasilungi og lax í bland, en eldisaðferðir eru nauðalíkar fyrir báðar fisktegundirnar. Staðsetning kvíaþyrpinga verður kynslóðaskipt, þannig að unglax hefur aðra staðsetningu en sláturfiskur. Á þann hátt eru staðsetningar hvíldar, þannig að botnlíf nái að endurnýja sig og að sjúkdómahætta verði lágmörkuð. Kvíarnar verða festar hver fyrir sig en ekki í þyrpingum. Fjarlægð á milli kvíaþyrpinga verður um 2 km og fylgir þá ákvæði reglugerðar nr. 105/2000 um fjarlægðir á milli eldisstöðva. Staðsetning er hvorki talin trufla veiðar sem stundaðar eru í firðinum né vald truflun á skipaumferð. Notaðar verða fóðurbýssur og myndavélar til að fylgjast með fóðrun.

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felast í efnamengun, áhrifum á botndýralíf, hugsanlegri erfðablöndun og sjúkdómahættu. Í greinargerð sem fylgir tilkynningu framkvæmdaraðila er fjallað um framangreind atriði og telur Umhverfisstofnun að þeim séu gerð góð skil. Samkvæmt þeim gögnum má skilgreina Dýrafjörð sem síður viðkvæmt svæði. Ekki er hefð fyrir fiskveiðum á eldissvæðinu. Engar laxveiðiár eru í Dýrafirði og er fjarlægð kvía frá laxveiðiám meiri en sú sem tilgreind er í reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fiskisjúkdómum og blöndun laxastofna. Fyrirliggjandi rannsóknir á vegum Náttúrustofu Vestfjarða í tengslum við þverun Dýrafjarðar benda ekki til þess að botndýralíf fjarðarins sé sérstætt á landsvísu (Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði, Rannsóknir á botndýrum í Dýrafirði, áfangaskýrsla 3, 2008). Búið er að gera umhverfisvöktunarsamning við Náttúrustofu Vestfjarðar.


Umhverfisstofnun telur að í greinargerð með tilkynningu framkvæmdaraðila komi fram fullnægjandi rökstuðningur fyrir því að ekki séu líkur á að fyrir hugað laxeldi í Dýrafirði með 2.000 tonna ársframleiðslu muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru hér að framan.

Fyrirhugað regnbogasilungs-/laxeldi er starfsleyfis skylt sbr. reglugerð nr. 787/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í starfsleyfi (og rekstrarleyfi) eru sett skilyrði varðandi efnanotkun, vöktun umhverfisins, gerð og styrkleika kvía og fleiri atriði sem hafa bein áhrif á mengunarþætti og getur almenningur gert athugasemdir við auglýst starfsleyfi.

Virðingarfyllst


Asgeir Björnsson

sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri